



Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2016

Samþykkt af sveitarstjórn Skagastrandar 14. desember 2015

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,47%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni. (*Við álagningu 2015 verður stofn álagningar 70% af mati ársins 2014 og 30% af mati ársins 2015 sbr. lög nr. 135/2014*)

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 30.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,225%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald / sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **37.465** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **11.794** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.168** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **6.000** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar. (2.919.254 kr)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar. (4.770.864 kr)
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar. (3.649.068 kr)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar. (5.963.580 kr)